

Fréttabréf til foreldra og forráðamanna

Mars 2019, ábm. KBH



Heimasíðan

[Heimasíðan](#) er opinber síða FNV og þar eru allar helstu upplýsingar um skólastarfið. Annars vegar eru þar upplýsingar um skólann, námið og þjónustu. Hins vegar eru fréttir frá dagsins önn. Á vorönn var bryddað upp á nýjung sem kallast „Kíkt í kennslustund“. Til dæmis var nýlega kíkt á [tökustað](#) hjá nemendum í kvikmyndagerð. Foreldrafélagð hefur sinn stað á heimasíðu og þar er tækifæri til að birta fréttir frá starfi félagsins.

Opnir dagar, árshátíð og kosningar

Opnir dagar voru haldnir 13. – 15. mars. Opnir dagar voru skipulagðir af nemendafélaginu, NFNV. Þessa daga var ekki kennt samkvæmt stundaskrá heldur gafst nemendum kostur á að sækja ýmis námskeið og uppákomur. Opnum dögum lauk með glæsilegri árshátíð NFNV föstudaginn 15. mars. Nú er farið að síga á seinni hlutann á starfi NFNV þetta árið og komið að því að kjósa í næsta nemendaráð. Aðalfundur NFNV verður auglýstur bráðlega en þar verður kosið í embætti nemendaráðs.

Val fyrir haustönn, páskafrí og próf

[Val](#) fyrir haustönn hefur staðið yfir frá 18. mars. Því átti að ljúka 25. mars en fresturinn var framlengdur til 29. mars. Páskafrí hefst 15. apríl. Fyrsti kennsludagur eftir páskafrí er föstudagurinn 26. apríl. Próf hefjast mánudaginn 6. maí. Drög að próftöflu verða birt á næstu dögum.

[Skóladagatalið](#) er á heimasíðu skólans.

Nýr starfsmaður

Á vorönn bættist við nýr starfsmaður Soffía Helga Valsdóttir sem starfar við liðveislu á starfsbraut. Við bjóðum hana velkomna til starfa ☺



Vinnusemi, virðing, vellíðan